



Grænt bókhald

2023



Efnisyfirlit:

Yfirlýsing stjórnar	4
Staðfestingarskýrsla óháð sendurskoðanda	6
Almennar upplýsingar	8
Framleiðslutölur.....	10
Hráefna- og auðlindanotkun ;- Lykiltölur	11
5.1 Helstu hráefni	11
5.2 Umbúðir og pökkun	12
5.3 Sorpflokkun.....	12
5.4 Eiturefni.....	13
5.5 Rafmagn, heitt og kalt vatn	13
5.6 Duftsíun og uppgufun leysiefna	13
5.7 Hávaði.....	13

1. Yfirlýsing stjórnar

Árið 2023 var stöðugt í rekstri. Engar breytingar voru gerðar á framleiðsluferli fyrirtækisins. Bilanir á framleiðslubúnaði áttu sér ekki stað á árinu. Það staðfestist hér með að allar upplýsingar í skýrslu þessari um grænt bókhald eru unnar úr gögnum félagsins.

Kópavogur 30. apríl 2024

Málning hf.

Baldvin Valdimarsson, framkvæmdastjóri

2. Staðfestingarskýrsla óháðs endurskoðanda

Staðfestingarskýrsla óháðs endurskoðanda

Til: Stjórnar Málningar hf.

Reykjavík, 30. apríl 2024

Staðfestingarskýrsla sem veitir takmarkaða vissu um grænt bókhald Málningar hf. í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

Ályktun

Við höfum yfirfarið grænt bókhald Málningar hf. Byggt á þeim aðgerðum sem framkvæmdar voru og þeim gögnum sem var aflað, er ekkert sem komið hefur fram sem bendir til þess að grænt bókhald Málningar hf. sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

Markmið og umfang vinnu

Markmið staðfestingarvinnu okkar felur í sér skoðun á grænu bókhaldi Málningar hf. í þeim tilgangi að gefa niðurstöðuskýrslu sem felur í sér takmarkaða vissu um að grænt bókhald Málningar hf. sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Við höfum yfirfarið grænt bókhald Málningar hf. fyrir árið 2023 og borið það saman við fjárhagsbókhald félagsins.

Grundvöllur ályktunar

Við höfum framkvæmt skoðun okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 (revised) sem á við um staðfestingarvinnu aðra en endurskoðun og könnun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) eða alþjóðlega könnunarstaðla (ISRE). Markmið staðfestingarvinnunnar er að veita takmarkaða vissu. Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er lýst nánar í kaflanum „Almennar skyldur og ábyrgð endurskoðanda“ í þessari skýrslu. Við teljum að þær upplýsingar sem við höfum aflað séu fullnægjandi og viðeigandi sem grundvöllur ályktunar okkar.

Óhæði og gæðastýring

Við erum óháð Málningu hf. í samræmi við viðeigandi íslensk lög og siðareglur endurskoðenda.

Við fylgum alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun, ISQC 1 og viðhöldum í samræmi við það alhliða kerfi gæðaeftirlits, þar með talið skjalfestar stefnur og verklagsreglur varðandi fylgni við siðferðisleg gildi, alþjóðlega staðla og aðrar viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Notkun þriðja aðila á niðurstöðum PwC

Skyrsla okkar er eingöngu ætluð til notkunar stjórnenda Málningar hf., til að upplýsa ykkur um niðurstöður aðgerða og skal ekki nota í neinum öðrum tilgangi. Skýrsluna eða hluta hennar má ekki gera aðgengilega á nokkurn hátt fyrir þriðja aðila án fyrirfram skriflegs samþykkis okkar. Ekki er hægt að reiða sig á skýrsluna af neinum öðrum og/eða í neinum öðrum tilgangi. Þess vegna samþykkjum við ekki neina ábyrgð gagnvart þriðja aðila sem kann að hafa aðgang að þessari skýrslu.

Almennar skyldur og ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð stjórnar

Stjórn Málningar hf. ber ábyrgð á framsetningu græns bókhalds í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins og einnig skilgreiningu fyrirhugaðra notenda og viðeigandi viðmiða sem liggja til grundvallar. Ennfremur ber stjórn ábyrgð á því að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar framsetningu á grænu bókhaldi félagsins þannig að það sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar snýr að því að skipuleggja og framkvæma staðfestingarvinnu þannig að nægjanleg vissa fáist um að grænt bókhald Málningar hf. sé án verulegra annmarka til að byggja ályktun okkar á.

Ályktun okkar miðar að því að veita takmarkaða vissu. Aðgerðirnar sem framkvæmdar voru í þessu samhengi fólust fyrst og fremst í fyrirspurnum til stjórnenda og starfsmanna félagsins og mati á áreiðanleika upplýsinga sem liggja til grundvallar grænu bókhaldi Málningar hf. Hófleg vissa veitir ekki eins mikla vissu líkt og fæst af staðfestingarverkefnum þar sem aflað er hæfilegrar vissu.

Skekjur geta ýmist verið vegna mistaka eða sviksemi. Þær eru taldar verulegar ef, bæði að hluta og í heild, þær eru taldar hafa áhrif á ákvarðanatöku notenda skýrslunnar byggð á grænu bókhaldi Málningar hf. Mikilvægismörk hafa áhrif á eðli, tímasetningu og umfang staðfestingarvinnunnar og mat á áhrifum óleiðréttu mismuna á ályktun okkar.

Aðgerðir

Við höfum beitt faglegu mati og viðhaldið faglegri tortryggni í gegnum skoðunina í samræmi við ISAE 3000 (revised), siðareglur og óhæðisreglur.

Skoðanir okkar samanstóðu m.a. af eftirfarandi:

- Að bera kennsl á og meta áhættuna á verulegum rangfærslum á grænu bókhaldi Málningar hf., hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, að hanna og framkvæma staðfestingarvinnu sem nær yfir skilgreinda áhættu og afla staðfestingargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja ályktun okkar á. Meiri hætta er á að verulegar skekkjur vegna sviksemi uppgötivist ekki heldur en skekkjur vegna mistaka þar sem sviksemin er hönnuð til þess að komast ekki upp, m.a. með ólögmætu samráði, fölsunum, vísvitandi gáleysi, rangfærslum eða sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.
- Að öðlast skilning á því innra eftirliti sem skiptir máli fyrir staðfestingarvinnuna til að hanna aðgerðir sem eru viðeigandi miðað við aðstæður, en ekki í þeim tilgangi að láta í ljós álit á virkni innra eftirlits félagsins.

30. apríl 2024

PricewaterhouseCoopers ehf.

Kristinn F. Kristinsson
Löggiltur endurskoðandi

3. Almennar upplýsingar

- Nafn fyrirtækisins er Málning hf og kennitala þess er 450269-4849.
- Aðsetur þess er á Dalvegi 18, 201 Kópavogi.
- Framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Baldvin Valdimarsson.
- Ábyrgðamaður skýrslunnar er Andri Ísak Þórhallsson efnaverkfræðingur.
- Í stjórn fyrirtækisins sitja Valdimar Bergstað stjórnarformaður, Halldóra Baldvinsdóttir og Hjörtur Bergstað.
- Fyrirtækið er í flokki 4.8 skv. fylgiskjali með reglugerð um grænt bókhald.
- Málning hf er með starfsleyfi sem gildir til 20.06.2032.
- Útgefandi starfsleyfis er Umhverfisstofnun og eftirlitsaðili er Umhverfisstofnun.
- Tímabil græns bókhalds er frá 01.01.2023 til 31.12.2023.

4. Framleiðsla

Núgildandi starfsleyfi Málningar hf. er til 20.júní 2032 og gerir Málningu hf. kleift að framleiða allt að 2,2 milljónir lítra af málningu, 150 þúsund lítra af þynnum og 150 þúsund lítra af lími og lakkí á hverju ári. Heildarframleiðsla árið 2023 var heldur meiri árið á undan, sveiflur sem helgast einkum af eðlilegum sveiflum í sölu.

Flokkur	2021	2022	2023
Málning	1.437.448 ltr	1.186.500 ltr	1.366.145 ltr
Þynnar	116.507 ltr	93.404 ltr	100.185 ltr
Lakk eða lím	46.262 ltr	43.957 ltr	41.868 ltr

5. Hráefna- og auðlindanotkun

Málning hf hefur yfir að ráða um 255 hráefnum til málningarframleiðslu sinnar. Af þessum fjölda flokkast um 90 hráefni sem merkingarskyld, ef magn þeirra fer yfir ákv. viðmiðunarmörk skv. reglugerð nr. 236/1990 og nr. 921/2000 ásamt síðari breytingum. Við hjá Málningu hf. höfum farið þá leið að notast við hefðbundna flokkun efna til málningarframleiðslu og gefum síðan upp magn a.m.k. 3ja-4ja stærstu hráefnanna í hverjum flokki. Þessir flokkar eru bindiefni vatnsþynnánleg, bindiefni leysiefnaþynnánleg, fylliefni, litarefni, upplausnarefni og hjálparefni.

5.1 Helstu hráefni

Árið 2022 voru nokkrar breytingar á helstu hráefnum m.v. fyrri ár, má þar helst nefna leysiefnaþynnánleg bindiefni. Hráefnin Noralkyd T83-100 og Balkyd 610S-60WS eru ný hráefni meðan að hætt var notkun á öðrum hráefnum t.d Noralkyd T83-100. Hjálparefnið Acrysol RM5000 er nú orðið eitt mest notaða hjálparefnið, því er notkun þess nú gefin upp í græna bókhaldinu. Árið 2023 voru nýtt fylliefni tekið í notkun, Microdol Extra en annars voru breytingar engar.

	2020	2021	2022	2023
Bindiefni vatnsþynnánleg				
Orgal P 056 V	89881 kg	86749 kg	74276 kg	86633 kg
Orgal P 036 V	109463 kg	101319 kg	74425 kg	73147 kg
Orgal P 838	144746 kg	133103 kg	106803 kg	96660 kg
Bindiefni leysiefnaþynnánleg				
Noralkyd S61-60W	80226 kg	15818 kg	11891 kg	0
Noralkyd T83-100	29986 kg	27532 kg	864	2015 kg
Atresal LO 07	-	-	22739 kg	24046 kg
Balkyd 610S-60WS	-	62290 kg	39879 kg	57494 kg
Fylliefni				
Microdol I	1180975 kg	165752 kg	133854 kg	149973 kg
Microdol Extra	-	-	-	22470 kg
Finntalc M15	63582 kg	62466 kg	50807 kg	57103 kg
Calsimatt	11721 kg	12657 kg	10085 kg	10271 kg
Litarefni				
Títanhvíta	248007 kg	230991 kg	188008 kg	210025 kg
Zinkfósfat	3125 kg	2514 kg	2797 kg	2120 kg
Oxydsort 318M	996 kg	842 kg	572 kg	712 kg
Upplausnarefni				
Mineral terpentína	175431 kg	173003 kg	132787 kg	148695 kg
Xýlen	42434 kg	46556 kg	52866 kg	27019 kg
Etanol	20573 kg	12756 kg	10625 kg	10084 kg
Hjálparefni				
Acrysol TT935	3148 kg	2921 kg	2630 kg	3274 kg

Acrysol RM5000	-	4757 kg	3817 kg	4069 kg
Aquaflow NHS 300	5862 kg	6661 kg	5638 kg	6835 kg
FOAMSTAR ED 2523	3237 kg	3499 kg	3282 kg	3810 kg

5.2 Umbúðir og pökkun

Þrátt fyrir minni notkun á plastumbúðum árið 2022 og 2023 þá varð notkunarmagn á pökkunarplasti talsvert meira árið 2022 og 2023 m.v. árin á undan. Aukin vafningafjöldi á vörubrettum og aukin plastnotkun á hvert vörubretti er líkleg ástæða.

	2020	2021	2022	2023
Pökkunarplast [kg]	1500	1510	1958	2006 kg
Allar umbúðir [stk]	1074957	1083087	787429	844497

5.3 Sorpflokkun

Árið 2023 tók Málning hf. upp nýtt flokkunarkerfi og flokkar nú allt rusl bæði frá verksmiðju og skrifstofu. Flokkurinn „grófur úrgangur“ er ekki lengur í gangi, sorp sem áður fór í þennan flokk er nú hluti af öðrum flokkuðum úrgangi.

Málning tók upp notkun á fellitonknum í verksmiðju árið 2022-2023 og hefur magn á uppdælanlegum ólífraenum úrgangi úr brunnum minnkað mjög mikið. Í byrjun árs 2024 tók Málning hf. í notkun á eimara til að endurnýta magn leysiefna sem notast er í skol á framleiðslubúnaði. Áætluð endurýting á leysiefnum er 5000-10000 kg á ári.

	2020	2021	2022	2023
Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu	22989 kg	22132 kg	20609 kg	17850 kg
Grófur úrgangur (óflokkað)	40237 kg	7470 kg	2420 kg	-
Timbur (litað og hreint)	24030 kg	24103 kg	25750 kg	26736 kg
Málmar	22720 kg	22240 kg	18150 kg	192380 kg
Bylgjupappi til endurvinnslu	12940 kg	13410 kg	11420 kg	14200 kg
Óflokkaður úrgangur	-	-	660 kg	4755 kg
Bambar til endurvinnslu	-	-	23420 kg	32355 kg
Olíumálning (leysiefnaþynnt málning)	10059 kg	16808 kg	8687 kg	9772 kg
Spilliefni og skol ⁽¹⁾	19100 kg	85182 kg	20845 kg	26706 kg
Vatnsþynnt málning	17117 kg	23020 kg	34260 kg	21145 kg
Endurvinnsla á leysiefnum ⁽²⁾	6000 kg	5000 kg	0 kg	0 kg
Uppdæling úr brunnum ⁽³⁾ (ólífraenn dælanl. Úrg.)	22855 kg	17236 kg	17001 kg	9820 kg

5.4 Eiturefni

Málning hf kappkostar að nota hráefni sem hvorki hafa skaðleg áhrif á notandann né á umhverfið og fjölmargar vörutegunda Málningar eru nú Svansvottaðar. Fleiri vörutegundir eru nú Svansvottaðar hjá Málningu m.v. árin á undan og í farvatninu er að Svansvotta fleiri vörugegundir á næstu misserum. Eiturefnið Metylen Klórið (díklórómetan) notast þó enn í málningaráppleysi. Notkun efnisins var bönnuð í desember 2011 en Málning hf. hefur sótt um undanþágu á framleiðslu og sölu þess frá því í apríl 2013. Núgildandi leyfi var veitt frá Umhverfisstofnun UST202212-137/H.Ö.J. og gildir til 31.janúar 2028.

	2020	2021	2022	2023
Metýlen Klórið	930 kg	827 kg	827 kg	558 kg

5.5 Rafmagn, heitt og kalt vatn

	2020	2021	2022	2023
Rafmagn	540269 kWh	505061 kWh	497026 kWh	477531 kWh
Heitt vatn	22295 m ³	21997 m ³	21924 m ³	14136 m ³
Kalt vatn	3539 m ³	3183 m ³	4990 m ³	5030 m ³

5.6 Duftsíun og uppgufun leysiefna

Sú aðferðarfræði sem hefur verið farin að meta magn á uppgufuðum leysiefnum sl. ára er eftirfarandi: Magn leysiefna sem gufa upp miðast við 2% meðalrýrnun á leysiefnabundnum vörutegundum og að 50% af rýrðri vöru sé leysiefni. Aðferðarfræði er nú í endurskoðun í samstarfi við Umhverfisstofnun (UST).

	2020	2021	2022	2023
Magn dufts sem verður eftir í síubúnaði	385 kg	300 kg	320 kg	355 kg
Magn leysiefna sem gufa upp við framleiðslu ¹⁾	3000	3607 kg	3045 kg	2771 kg

5.7 Hávaði

Hávaði er í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð 724/2008 um hávaða. Verkfræðistofan EFLA lagði mat á hljóðstig nærumhverfis fyrirtækisins í nóvember 2015. Þar mælist hljóðstig undir mörkum reglugerðarinnar. Næstu hljóðmælingu skal framkvæma fyrir árslok 2025.

Undirritunarsíða

Framkvæmdastjóri
Baldvin Valdimarsson

Löggiltur endurskoðandi
Kristinn Freyr Kristinsson